

Góðir gestir,

Ég vil byrja á að taka undir með fundarstjóra og bjóða fólk velkomið á þetta málþing og þennan félagsfund fyrir hönd Menntar og Starfsmenntaráðs. Það er okkar trú að við verðum öll margs vísari í lok dags um starfsmenntamál og samstarf atvinnulífs og skóla. Jafnframt, og ekki síður, er það okkar von að efni fundarins í dag muni að einhverju leyti verða okkur hvatning til dáða og vekja upp umræður um framtíðarsýn, fyrirkomulag og úrlausnarefni á þessum sömu sviðum.

Venjan er sú að Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, haldi félagsfund sinn um þetta leyti og að þar sé fjallað um málefni sem ofarlega eru á baugi í tengslum við samstarf atvinnulífs og skóla, og að þar séu kynnt verkefni úr ýmsum áttum sem endurspeglar fjölbreytt bakland Menntar. Starfsmenntaráð hefur um nokkurt skeið stefnt að því að halda málþing þar sem meðal annars yrði fjallað um stöðu og hlutverk ráðsins sjálfs í breyttu umhverfi og þá almennt um stoðkerfi starfsmenntamála á sama tíma. Jafnframt var áhugi fyrir því innan Starfsmenntaráðs að fá hingað til lands gest sem gæti frætt okkur um samstarf atvinnulífs og skóla í Oulu í Finnlandi, umhverfi Nokia ævintýrisins, en fulltrúar ráðsins heimsóttu þá ágætu borg á síðasta ári. Niðurstaðan varð sú að slá þessum tveimur fundum saman að þessu sinni, ekki síst af tillitssemi við tíma ykkar sem hér sitjið.

Áhugaverð dæmi

Hér á eftir munum við hlíða á rektor Tækniháskólans í Oulu kynna það frjóa samstarf atvinnulífs og skóla sem þar er að finna. Þá munum Bryndís Ernstsóttir, ráðgjafi á starfsmannasviði Marels, fjalla um fræðslustarf þess ágæta fyrirtækis, en Marel hefur löngum verið í fararbroddi á þessu sviði sem víðar og ljóst að mörg fyrirtæki geta lært af reynslu þess og frumkvæði. Loks mun Soffía Gísladóttir, forstöðumaður Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, kynna fyrir okkur þróun fjölvirkjanáms, en þar er á ferðinni gott dæmi um framsækið samstarf atvinnulífs og fræðsluaðila.

Allt eru þetta áhugaverð dæmi um góða hluti sem verið er að gera, hér heima og erlendis, og sem aðrir geta dregið mikilvæga lærdóma af. En það má einmitt segja að það sé meginverkefni okkar í dag og framundan á þessu sviði - að draga lærdóma, þróa og skapa.

Stefnumótun – endurskipulag

Starfsmenntaráð starfar eftir lögum sem samþykkt voru á Alþingi árið 1992. Ráðið hefur gegnt mikilvægu hlutverki og því hefur tekist að stuðla að þróun og uppbyggingu íslenskrar starfsmenntunar í víðum skilningi – eða því viljum við a.m.k. trúa sem þar sitjum. Hins vegar hefur margt breyst í umhverfi starfsmenntunar frá því að ráðið tók til starfa, meðal annars með tilkomu starfsmenntasjóða ófaglærðra sem starfræktir eru af atvinnurekendum og stéttarfélögum. Starfsmenntaráð ákvað því nýlega að leita til Jóns Torfa Jónassonar prófessors og fá hann til að horfa yfir sviðið og velta fyrir sér stöðu ráðsins í umhverfi dagsins í dag. Hver ættu að vera framtíðarverkefni Starfsmenntaráðs? Eru hugsanlega aðrir aðilar betur til þess fallnir að sinna þeim? Jón Torfi er raunar

Framtíðarsýn í starfsmenntun

Félagsfundur Menntar og málþing Starfsmenntaráðs - Setningarávarp

Gústaf Adolf Skúlason, forstöðumaður hjá SA, formaður stjórnar Menntar og fulltrúi í Starfsmenntaráði

staddur erlendis en hér á eftir munum við í hans stað hlýða á Friðrik H. Jónsson, forstöðumann Félagsvísindastofnunar, sem hefur góðfúslega tekið að sér að gera grein fyrir helstu vangaveltum Jóns Torfa kollega síns í þessum efnum.

En Starfsmenntaráð er ekki eini aðilinn sem er að velta fyrir sér framtíðarhlutverki og skipulagi. Undanfarna mánuði hefur nefnd verið að störfum á vegum menntamálaráðherra til að móta tillögur um endurskipulagningu íslenska starfsmenntakerfisins. Tillögur nefndarinnar verða kynntar með formlegum hætti síðar í þessum mánuði en formaður nefndarinnar, Jón B. Stefánsson skólameistari Fjöltækniskóla Íslands, mun hér á eftir fjalla um störf nefndarinnar og vonandi taka smá forskot á hina formlega kynningu.

Loks mun Aðalheiður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Menntar, gera okkur grein fyrir stefnumótunarstarfi sem nú er á döfinni á vegum Menntar, en Mennt hefur starfað frá árinu 1998 sem samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla. Enginn vafi er á því að efni fundarins í dag mun reynast drjúgt veganesti í það stefnumótunarferli.

Verkefnin – samstilling krafta

Góðir gestir,

Það er því ljóst að víða í okkar umhverfi er verið að skoða skipulag og verkaskiptingu og verið að móta framtíðarsýn. Það er vel. Verkefnin eru og verða mörg og brýn og hlutverk allra okkar samstarfs- og fræðslufyrirtækja er jú að svara eftirspurn fólks og fyrirtækja, veita þjónustu, skapa og efla – leggja grunn að sem bestri nýtingu á þeim mannauði sem íslenskur vinnumarkaður hefur á að skipa.

Eftirspurn atvinnulífs og launafólks eftir starfsmenntun er síbreytileg og þróast ört, oft og í vaxandi mæli hraðar en hið formlega menntakerfi hefur með góðu móti tök á að gera. Verkaskipting ríkisvalds og atvinnulífs er þess ve gna í brennidepli. Samtök fyrirtækja og launafólks á sviði verslunar og þjónustu hafa til dæmis á undanförunum árum ítrekað tekið frumkvæði og þróað námsleiðir á ólíkum skólastigum til að mæta eftirspurn innan greinarinnar. Eiga þau mikið hrós skilið.

Atvinnulífið getur verið best til þess fallið að skipuleggja starfsnám innan einstakra greina, oft í samstarfi við tiltekna fræðsluaðila, eins og þessi dæmi og fjölmörg önnur sýna. Ég nefni líka endurmenntun í rafiðnaði, prentiðnaði og víðar. Er kannski ástæða til að losa enn frekar um aðkomu ríkisvaldsins að starfsmenntamálum? Á ekki meginreglan einfaldlega að vera sú að opinbert fjármagn fari þangað sem viðurkenndir aðilar eru að svara raunverulegri eftirspurn?

Stoðkerfi starfsmenntamála er eilíft umræðuefni. Það er svo flókið að einungis örfáir innvígðir, kannski fjórðungur þeirra sem hér sitja, geta talist hafa þar þokkalega yfirsýn. Af hálfu menntamálaráðherra er kerfið nú til endurskoðunar, sem fyrr segir. Er óhætt að fækka starfsgreinaráðum? Geta stofnanir atvinnulífsins tekið að sér þjónustu við þau? Atvinnulífið sjálft er ekki barnanna best þegar kemur að uppbyggingu flókinnna strúktúra á þessu sviði þ.e. aðilar vinnumarkaðarins. Stundum virðist sem menn missi eilítið sjónar

Framtíðarsýn í starfsmenntun

Félagsfundur Menntar og málþing Starfsmenntaráðs - Setningarávarp

Gústaf Adolf Skúlason, forstöðumaður hjá SA, formaður stjórnar Menntar og fulltrúi í Starfsmenntaráði

á markmiðum starfseminnar en leggi sig full mikið fram við að framleiða fleiri kennitölur, fleiri heimasíður, lógó, stjórnir, ársreikninga o.s.frv. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var meðal annars ætlað að ná sem flestum þessara aðila undir eitt þak, en þar hefur einungis náðst takmarkaður árangur í þessum efnum. Þau ánægjulegu tíðindi urðu hins vegar á dögnum að fjórar fræðslumiðstöðvar iðngreina sameinuðust í Iðunni, undir einni kennitölu, og var þar án efa lagður grunnur að öflugra fræðslustarfi, betri nýtingu á takmörkuðum björgum og betri þjónustu. Ég vil að lokum óska þeim sem þar komu að máli innilega til hamingju og óska þeim velfarnaðar um leið og ég segi settan þennan félagsfund Menntar og málþing Starfsmenntaráðs.